

Mánudaginn 17. febrúar 1986.

Nr. 10/1985. **Vinnuveitendasamband Íslands
f.h. H/f Eimskipafélags Íslands**
(Kristján Þorbergsson cand.jur.)

gegn

**Alþýðusambandi Íslands
f.h. Verkamannafélagsins Dagsbrúnar**
(Atli Gíslason hdl.).

Kjarasamningur. Bann við innflutningi, útflutningi og afgreiðslu á vörum.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. þ.m. að undangengnum munnlegum málflutningi, er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, útgefni 12. desember 1985.

Stefnandi er Vinnuveitendasamband Íslands f.h. H/f Eimskipafélags Íslands.

Stefndi er Alþýðusamband Íslands f.h. Verkamannafélagsins Dagsbrúnar.

Stefnandi gerir þessar dómkröfur:

Að bann Verkamannafélagsins Dagsbrúnar við innflutningi og afgreiðslu á suður-afrískum vörum í Reykjavíkurhöfn og bann þess við afgreiðslu á íslenskum útflutningsvörum til Suður-Afríku, sem tók gildi 14. nóvember 1985, verði dæmt brot á kjarasamningi Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og Vinnuveitendasambands Íslands f.h. H/f Eimskipafélags Íslands og Hafskips h/f um hafnarvinnu og því ólögætt.

Stefndi krefst sýknu.

Í upphafi gerðu aðilar málskostnaðarkröfu á hendur hvor öðrum, en féllu frá þeim við munnlegan málflutning.

Í stefnu er tildrögum málsins og helstu málavöxtum lýst á þá leið, að hinn 25. október sl. hafi Vinnuveitendasambandi Íslands borist tilkynning Verkamannafélagsins Dagsbrúnar um innflutnings- og afgreiðslubann á suður-afrískar vörur í Reykjavíkurhöfn svo og bann við afgreiðslu á íslenskum útflutningsvörum til Suður-Afríku. Hafi bann þetta tekið gildi 14. nóvember sl.

Með bréfi, dags. 1. nóvember 1985, hafi Vinnuveitendasamband

Íslands mótmælt lögmæti þessarar aðgerðar og bent á, að það væri ekki á færi stéttarfélags að ákveða frá degi til dags, við hvað félagsmenn stéttarfélagsins megi starfa og hvað ekki. Væri bannið talið brot á gildandi kjarasamningum Dagsbrúnar og Vinnuveitendasambands Íslands.

Nefndu bréfi hafi svo lokið með ósk um fund samningsaðila um málið, sem hafi verið haldinn þann 6. nóvember sl. á skrifstofu Vinnuveitendasambands Íslands að Garðastræti 41. Fundinn hafi setið af hálfu Dagsbrúnar Guðmundur J. Guðmundsson formaður, Halldór Björnsson varaformaður og Þröstur Ólafsson framkvæmdastjóri, en af hálfu Vinnuveitendasambandsins Þórarinn V. Þórarinsson aðstoðarframkvæmdastjóri.

Í upphafi fundar hafi Þórarinn V. Þórarinsson skýrt afstöðu Vinnuveitendasambandsins til umrædds banns Dagsbrúnar og vísað í því efni til bréfsins frá 1. nóvember. Hann hafi áréttað þann skilning forsvarsmanna Vinnuveitendasambandsins, að Verkamannafélagið Dagsbrún sem og félagsmenn þess, sem störfuðu í hafnarvinnu, væru bundnir af samningum félagsins og samkvæmt því skylt að vinna alla þá vinnu, sem tilheyrði hafnarvinnunni. Engir fyrirvarar væru á samningum aðila þess eðlis, að þeir gæfu Verkamannafélaginu Dagsbrún heimild til að mæla fyrir um það, að tiltekin vinna skyldi ekki unnin, eða almennt hafa afskipti af því frá degi til dags, hvaða reglubundin störf félagsmenn þess, sem starfi í þjónustu aðildarfyrirtækja Vinnuveitendasambands Íslands, vinni á hverjum tíma. Því teldi Vinnuveitendasambandið bann félagsins í fullkominni andstöðu við samninga aðila og því samningsbrot.

Guðmundur J. Guðmundsson hafi vísað til þess, að Dagsbrún teldi sér fullkomlega heimilt að grípa til aðgerða til stuðnings stéttarbræðum í Suður-Afríku og að aðgerðinni væri beint gegn suður-afrískum stjórnvöldum, en ekki Vinnuveitendasambandinu eða félagsmönnum þess. Hér væri um fjölþjóðlegt samstarf verkalyðshreyfingarinnar að ræða, sem miðaði að því að bæta kjör svartra íbúa í Suður-Afríku, og að mati Dagsbrúnar stæðu hvorki samningar né lög því í vegi.

Niðurstaða fundarins hafi þá orðið sú, að ekki gæti orðið um samkomulag Dagsbrúnar og Vinnuveitendasambandsins að ræða í þessu efni. Af hálfu Vinnuveitendasambandsins hafi sameiginlegt

málskot til Félagsdóms verið reifað, en forsvarsmenn Dagsbrúnar ekki talið ástæðu til sérstakrar samvinnu, sem miðaði að því að fá dómsúrlausn. Það hlyti að verða ákvörðun Vinnuveitendasambandsins. Við svo búið hafi fundinum lokið.

Vinnuveitendasamband Íslands höfðaði síðan mál með stefnu, út gefinni 20. nóvember sl., en það var hafið með samkomulagi aðila 12. f.m. Sama dag var stefna út gefin í þessu máli og var það þingfest 16. s.m. Greinargerð stefnanda var lögð fram tveimur dögum seinna og þá var ákveðinn aðalflutningur 8. f.m. Í þinghaldi þann dag að loknum vitnayfirheyrslum var því lýst yfir af hálfu stefnda, að kröfugerð hans væri breytt á þann veg, að gerð væri aðallega kræfa um frávísun. Fór fram þá þegar munnlegur málflutningur um frávísunarkröfuna. Hafnaði dómurinn henni með úrskurði 13. f.m., sem stefndi skaut til Hæstaréttar, en þar var úrskurðurinn staðfestur með dómi 23. f.m.

Eins og að ofan greinir, var hin umstefnda aðgerð Verkamannafélagsins Dagsbrúnar gerð með samþykkt á fundi trúnaðarmannaráðs félagsins 25. október 1985, og hljóðar hún svo:

„Trúnaðarmannaráð Verkamannafélagsins Dagsbrúnar samþykkir að boða innflutnings- og afgreiðslubann á suður-afrískar vörur í Reykjavíkurböfn. Það sama gildir um íslenskar útflutningsvörur til Suður-Afríku. Bann þetta tekur gildi frá og með 14. nóv. nk.“

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að umrætt innflutnings- og afgreiðslubann sé brot á 1. kafla sérkjarasamnings stefnda og stefnanda f.h. H/f Eimskipafélags Íslands og Hafskips h/f, um hafnarvinnu á félagssvæði Dagsbrúnar frá 3. júlí 1984, en þar segi á þessa leið:

„1.0. *Gildissvið*

1.1. Samningur þessi er sérkjarasamningur um vinnu félagsmanna Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í þágu vöruafgreiðslna ofangreindra skipafélaga á samningssvæði félagsins.

Með hafnarvinnu er átt við fermingu og affermingu skipa, vöruafgreiðslu svo og alla meðferð á vörum í landi.

1.2. Hafnarverkamenn, sem ráðnir eru skv. samningi þessum, verða ekki sendir út fyrir starfssvæði viðkomandi skipafélags til að pakka vörum eða húsbúnaði, nema samþykki þeirra komi til.

1.3. Dagsbrúnarmenn hafa forgangsrétt til allrar hafnarvinnu í samræmi við ákvæði V. kafla aðalsamnings Dagsbrúnar og Vinnuveitendasambandsins.“

Eigi skipti máli, þótt sérkjarasamningur svo og aðalkjarasamningur hafi runnið út um sl. áramót, þar sem öll aðalatriði þeirra haldi gildi sínu áfram, svo sem um kaup og kjör, ráðningarkjör o.s.frv. Þá sé á það að líta, að málið hafi verið höfðað, meðan samningar voru ekki útrunnir.

Samkvæmt reglum vinnumarkaðsréttar sé það meginskylda starfsmanna að inna af hendi þau störf, sem þeir séu ráðnir til, og skila starfi sínu með tilhlýðilegum hætti. Þá sé hlýðni starfsmanna við lögleg fyrirmæli vinnuveitanda ein af meginskyldum þeirra.

Framangreindu fái ekki samrýmst það háttarni forystu Dagsbrúnar að banna félagsmönnum sínum að inna af hendi hluta þeirra starfa, sem gildandi kjarasamningur skuldbindi þá til að vinna.

Fyrirskipun forystu Dagsbrúnar til félagsmanna um að bregðast hlýðniskylda sinni við vinnuveitanda í formi innflutnings-, útflutnings- og afgreiðslubanns á suður-afrískar vörur feli því í sér brot á kjarasamningi aðila. Á samningsrofum þessum beri Dagsbrún ábyrgð skv. 8. gr. 1. nr. 80/1938.

Gildandi kjarasamningur bindi ekki aðeins Vinnuveitendasambandinu og aðildarfyrirtækjum þess skyldur, heldur einnig Verkamannafélaginu Dagsbrún og félagsmönnum þess. Friðarskylda hvíli á aðilum með bundna kjarasamninga og vinnustöðvanir, þ.m.t. takmarkaðar eins og greint bann Dagsbrúnar, því óheimilar og löglausar. Í því efni skipti engu máli, þótt Dagsbrún tjái, að aðgerðinni sé ekki beint gegn Vinnuveitendasambandinu, því að engu að síður bitni aðgerðin á aðildarfyrirtækjum þess, einkum H/f Eimskipafélagi Íslands. Á Dagsbrún hvíli sú skylda að halda gerðan kjarasamning og efna ekki til samningsrofa. Breyti hér engu um, þótt samningar séu nú útrunnir, sbr. það, sem greinir að ofan.

Þá hafi umrætt afgreiðslu-, innflutnings- og útflutningsbann að áliti stefnanda enga stoð í heimildum til samúðarvinnustöðvana. Ekkert verkfall liggja fyrir, enda aðgerðin ekki boðuð sem samúðarvinnustöðvun til stuðnings tiltekinni kröfugerð ákveðins aðila, sem hafið hafi lögmætt verkfall. Þá fái yfirlýstur tilgangur aðgerðarinnar ekki samrýmst reglum um samúðarvinnustöðvanir, því að ekki sé verið að knýja á um lausn hagsmunaágreinings á vinnu-

markaði, heldur sé hér um að ræða pólitíska mótmælaaðgerð til stuðnings baráttu blökkumanna í Suður-Afríku almennt fyrir bættum réttindum og lífsskilyrðum.

Stefndi rökstyður sýknukröfu sína í fyrsta lagi með því, að inn- og útflutningsbann Dagsbrúnar sé ekki verkfall í skilningi vinnulöggjafarinnar og sé því heimilt. Friðarskylda gildi ekki um hina umstefndu aðgerð stefnda, auk þess sem ósannað sé, að hún hafi verið brotin. Þá sé á það að líta í þessu sambandi, að kjarasamningar séu nú lausir, og því sé hann óbundinn af friðarskyldunni. Ekki geti verið um að ræða brot á samningi, sem ekki sé lengur í gildi. Því sé haldið fram, að hvers konar aðgerðir verkafólks séu heimilar með þeim skilyrðum og takmörkunum einum, sem sett séu í lögum. Ekki verði séð, að lög banni, svo að ótvírætt sé, stuðningsaðgerð Dagsbrúnar með stéttarsystkinum í Suður-Afríku. Stefndi ítreki, að tilgangur bannsins sé ekki að vinna að framgangi krafna sinna, sbr. 14. gr. laga nr. 80/1938, og slíku banni séu engar skorður settar skv. vinnulöggjöfinni. Verði og að túlka ákvæði vinnulöggjafarinnar, sem takmarki aðgerðafrelsi stéttarfélaga, þröngt.

Í annan stað bendir stefndi á, að stefnandi vísi ekki til ákveðinna lagaákvæða til stuðnings kröfum sínum, hvorki til ákvæða 17. gr. laga nr. 80/1938 né annarra ákvæða II. kafla laganna. Þá hafi stefnandi ekki sýnt fram á það með viðhlítandi hætti, hvaða ákvæði kjarasamninga teljist hafa verið brotin.

Þá vísar stefndi til heimildar skv. 3. tl. 17. gr. laga nr. 80/1938. Viðurkennt sé, að greinin heimili samúðaraðgerðir. Fyrir liggir, að lögmætar aðgerðir verkalýðsfélaga séu í gangi á Norðurlöndum, Írlandi, í Bandaríkjunum og víðar. Þá sé ljóst, að verkalýðsfélög svarta meirihlutans í Suður-Afríku eigi í deilu um kaup og kjör, en þó fyrst og fremst um þau mannréttindi að vera lögformlegur samningsaðili, mega stofna félög og semja sameiginlega, sbr. einnig samþykkt Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar nr. 98. Að íslenskum lögum ættu þessi verkalýðsfélög rétt til að stofna til verkfalla og annarra úrræða til að knýja atvinnurekendur til samninga. Samúðarverkföll hljóti því að vera heimil íslenskum stéttarfélögum. Verði að túlka nefnt lagaákvæði rúmt í þessu tilviki. Kjarabarátta blökkumanna í Suður-Afríku sé lögmæt vinnustöðvun í skilningi ákvæðisins.

Síðast, en ekki síst, sé sýknukrafan studd skráðum sem óskráðum reglum um almenn mannréttindi. Meðal hornsteina íslenskrar stjórnskipunar séu ákvæði stjórnarskrár Íslands um tjáningar-, funda- og félagafrelsi. Enn ýtarlegri ákvæði sé að finna í Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, sem Íslendingar hafi samþykkt, þ. á m. um, að engan greinarmun skuli gera milli manna vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, stjórn mála skoðana o.s.frv. Enn fremur séu Íslendingar bundnir alþjóðasáttmála um verndun mannréttinda og mannfrelsis. Þessum grunnreglum, yfirlýsingum og samþykktum Sameinuðu þjóðanna og annarra alþjóðastofnana um aðgerðir gegn Suður-Afríku verði Íslendingar að fylgja eftir. Telur stefndi, að ákvæði vinnulöggjafarinnar verði að víkja fyrir þessum grunnreglum. Vinnulöggjöfin megi aldrei verða til þess, að íslensk verkalyðsfélög geti ekki lagst gegn kynþáttaaðskilnaðarstefnu, sem Sameinuðu þjóðirnar hafi lýst sem glæp gegn mannkyninu. Verkamenn sem aðrir hafi fullan rétt á að neita að styðja slíka glæpi beint sem óbeint. Þá telur stefndi, að tilgangur vinnulöggjafarinnar hafi aldrei verið sá að koma í veg fyrir aðgerðir, sem hér sé deilt um. Vísar stefndi einnig til neyðarréttarsjónarmiða í þessu samhengi.

Forsendur og niðurstaða.

Telja verður, að sú venjuhelgaða regla gildi um kjarasamninga, sem sagt hefur verið upp og eru útrunnir, að um réttindi og skyldur samningsaðila fari í öllum meginatriðum eftir gamla samningnum, meðan enn er ósamið og verkfall ekki skolið á. Hefur það því eigi sérstaka þýðingu um úrlausn ágreiningsins í málinu, þótt kjarasamningar aðila rynnu út um síðastliðin áramót, eigi heldur, þótt hingað til hafi ekki reynt á hið umstefnda bann, þar sem engar suður-afrískar vörur hafi komið með skipum til hafnar í Reykjavík frá 14. nóvember 1985, svo að vitað sé.

Af ofangreindum sérkjarasamningi aðila og almennum reglum leiðir, að félagsmenn Dagsbrúnar, sem ráða sig til hafnarvinnu, takast þær skyldur á herðar að ganga til allra almennra hafnarvinnustarfa að boði verkstjórnarmanna, nema um annað sé sérstaklega samið eða sérstök atvik leiði til fráviks. Verður að telja þetta vera eina af megin skyldum starfsmanna gagnvart atvinnurekanda og mjög ríka, en ekki öldungis fortakslausa.

Það er álit dómsins, að umrætt ótímabundið innflutnings- og

afgreiðslubann Verkamannafélagsins Dagsbrúnar sé aðgerð einvörðungu í því skyni að styðja almenna mannréttindabaráttu blökkumanna í Suður-Afríku. Verður ekki talið, að bannið eigi sér heimild í 3. tölulið 17. gr. laga nr. 80/1938, þar sem eigi hefur verið sýnt fram á, að það sé til stuðnings ákveðnu verkfalli, enda ekki vísað til þess, er það var boðað.

Að svo vöxnu máli verður eigi séð, að næga heimild til þessara aðgerða megi leiða af kjarasamningum aðila, ákvæðum laga, eðli máls eða sérstökum ástæðum. Verður því að telja hana brot á ofangreindum sérkjarasamningi aðila og því ólögmæta. Ber því að taka kröfur stefnanda til greina.

Dómur þessi er kveðinn upp af Ólafi Stefáni Sigurðssyni, Birni Helgasyni, Gunnlaugi Briem, Árna Guðjónssyni og Gunnari Guðmundssyni.

D ó m s o r ð:

Bann Verkamannafélagsins Dagsbrúnar við innflutningi og afgreiðslu á suður-afrískum vörum í Reykjavíkurböfn og bann þess við afgreiðslu á íslenskum útflutningsvörum til Suður-Afríku, samþykkt á fundi trúnaðarmannaráðs félagsins 23. október 1985 og tók gildi 14. nóvember 1985, telst vera brot á sérkjarasamningi Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og Vinnuveitendasambands Íslands f.h. H/f Eimskipafélags Íslands og Hafskips h/f um hafnarvinnu, dags. 3. júlí 1984, og því ólögmætt.